

Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 99/1999, með síðari breytingum.

Frá viðskiptanefnd.

1. Við 2. gr. 9. efnismgr. orðist svo:

Fjármálafyrirtæki sem stýrt er af skilanefnd, slitastjórn eða bráðabirgðastjórn samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, óháð því hvort viðkomandi fyrirtæki hefur takmarkað starfsleyfi eða ekki, greiðir fast gjald samkvæmt eftirfarandi sundurliðun, viðskiptabankar 21.000.000 kr., aðrar lánastofnanir 11.000.000 kr., önnur fjármálafyrirtæki 5.000.000 kr.

2. Á eftir 2. gr. komi ný grein, svohljóðandi:

Lokamálsliður 2. mgr. 6. gr. laganna orðast svo: Framangreind greiðsluskipting tekur þó hvorki til álagðs eftirlitsgjalds sem nemur 300.000 kr. eða lægri fjárhæð og innheimta skal í einni greiðslu 1. febrúar, né til eftirlitsgjalds skv. 9. mgr. 5. gr.